

Nd.

241. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 112 18. maí 1935, um hæstarétt.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Finnur Jónsson, Stefán Stefánsson, Eiríkur Einarsson.

1. gr.

1. töluliður 6. gr. orðist svo: Hafa lokið embættisprófi í lögum.

2. gr.

1. töluliður 13. gr. hljóði svo: Lokið embættisprófi í lögum.

4. töluliður sömu gr. falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Frv. þetta er að efni til hið sama og brtt., er við fluttum á þingi 1935 við frv. til 1. um breyt. á 1. um hæstarétt. Frv. er flutt að tilhlutun nokkurra lögfræðinga og fylgdi því eftirfarandi greinargerð, sem fylgir hér lítið breytt, þó að einstakir flm. séu ekki samþykkir henni í öllum atriðum.

Með frv. þessu er lagt til, að niður falli munur sá um réttindi til að verða hæstaréttardómari og flytja mál fyrir hæstarétti, sem hæstaréttarlögin gera nú á þeim mönnum, sem hafa hlotið 1. og 2. einkunn við embættispróf í lögum. Ástæður fyrir því, að flm. frv. þykir rétt að fella burtu úr lögnum ákvæði þau, sem hér að lúta, eru þær, sem hér segir:

1. Greinarmunur á 1. og 2. einkunnar mönnum, eins og sá, sem hér ræðir um, er algert einsdæmi í islenzkri löggjöf. Við hinar deildir háskólans, svo sem og við alla sérskóla landsins, veitir fullnaðarpróf próftaka fullkomin atvinnuréttindi á viðkomandi sviði, án tillits til þess, hvort hann hefir hlotið hátt eða lágt próf. Virðist þó, ef svo stæði á, að einkunnir frá prófborði gætu talizt öruggur mælikvarði á þekkingu manna og starfhæfni, sem meiri nauðsyn væri að gera slíkan greinarmun annarsstaðar, t. d. á starfssviði lækna. — Að þetta er ekki gert, stafar m. a. af því, að það er gengið út frá því sem sjálfsögðu, að hinir aðrir sérskólar og fakultet útskrifi ekki aðra en þá, sem talið er, að hafi hlotið nægilega kunnáttu til að gegna því starfi, sem nám viðkomanda lýtur að.

2. Væntanlega hefir það vakað fyrir löggjafanum með umræddum ákvæðum hæstaréttarlaganna að tryggja hinum vandasömum lögfræðistörfum beztu kraft-

ana, sem völ væri á. En honum virðist hafa missýnzt um leiðina til að ná því marki, og einnig missýnzt um það, hvaða lögfræðistörf eru vandasömust og ábyrgðarmest. — Málflutningur fyrir hæstarétti er t. d. í flestum tilfellum vart meiri raun heldur en málflutningur fyrir undirrétti, enda fara afdrif mála fyrir hæstarétti mestmegnis eftir því, hvornig þau hafa verið sótt og varin fyrir undirrétti. — Ef prófhæð væri að treysta sem óskeikulum mælikvarða á hæfni manna, ætti 2. einkunnar lögfræðingum því ekki síður að vera fyrirmunað og flytja mál þar. — En fyrst og fremst ætti þá að skjóta loku fyrir það, að þeir gætu orðið sýslumenn og bæjarfógetar eða gegnt lögreglustjóra- og lögmannsembætti í Reykjavík. Það er auðsætt, að ekki ber að gera hærri kröfur um lagaþekkingu til hæstaréttarmálflutningsmanna en til hértaldra embættismanna.

3. Eins og sýnt hefir verið hér að framan, hafa umrædd ákvæði hæstaréttarlaganna ekki við nein rök að styðjast. Hitt þarfnast ekki langrar útlistunar, hversu ranglát þau eru í garð þeirra manna, sem hafa, af einni eða annari orsök, ekki náð 1. einkunn við lagaprófið, og hvílikum atvinnuspjöllum þau valda þeim. — Lögfræðingur, sem ekki hefir rétt til að flytja mál fyrir hæstarétti, getur, hversu slyngur sem hann er, aldrei orðið samkeppnisfær í málflutningi við þá, sem þann rétt hafa. Ástæðan til þess er sú, að menn telja yfirleitt heppilegast, að sami maður flytji hvert mál fyrir háðum réttum. Lögfræðingi, sem fyrirmunað er að flytja mál fyrir hæstarétti, er þess vegna undir flestum kringumstæðum einnig fyrirmunað að flytja það fyrir undirrétti. Að minnsta kosti á þetta við um allan þorra hinna stærri mála. — Nú er það vitað, að málflutningur er það starf, sem meiri hluti lögfræðinga verður að reisa mestmegnis á atvinnuvonir sínar. Þar er eins og á flestum öðrum sviðum at-hafnalífsins orðin hörð samkeppni. Það, sem á að ráða úrslitum í þeirri samkeppni, er hæfni og dugnaður, en ekki sérréttindi, sem óþörf og óréttlát lagaákvæði veita nokkrum hluta þessarar stéttar.

Sem dæmi um það, hvort hægt hefir verið fyrr eða síðar að marka hæfni og dugnað islenskra lögfræðinga af einkunn þeirra frá prófborði, má minna á nöfn eftirtalinna manna, er hafa hlotið 2. einkunn í lögum, en samt reynzt allir ágætir lögfræðingar og gegnt ýmsum ábyrgðarmestu lögfræðistörfum í þjóðfélaginu: Vigfús Einarsson, skrifstofustjóri, Oddur Hermannsson, skrifstofustj., Guðmundur Sveinbjörnsson, skrifstofustj., Gustav A. Jónasson, skrifstofustj., Gísli Sveinsson, sýslumaður, Magnús Gíslason, sýslumaður, Sigurður Eggerz, bæjarfógeti, Jón H. Sveinbjörnsson, konungsritari, Sveinn Björnsson, sendiherra, Guðmundur Ólafsson hæstaréttarmálflutningsmaður, Lárus Fjeldsted, hæstaréttarmálflutningsmaður, Einar Benediktsson, skáld, Hannes Hafstein, ráðherra.

Sumir hafa talið umræddum sérréttindum það til ágætis, að þau væru mikilsverð hvöt fyrir nemendur í lagadeild til að stunda vel námið. — Um þessa ástæðu er það m. a. að segja, að væri þetta markmið fyrrnefndra lagaákvæða, þá ættu þau ekki heima í hæstaréttarlögum, heldur í lögum um Háskóla Íslands. Og sjálfsagt væri þá að setja í lög samskonar ákvæði um sérréttindi til handa öðrum 1. einkunnar kandidötum, ef á annað borð væri lítið svo á, að háskólinn þarfnist slíkra spora á nemendur sína.

Í þessu sambandi er rétt að benda á reynslu, er virðist fengin fyrir því, hver áhrif þessi rérréttindi hafa haft á einkunnagjafir í lagadeild háskólans.

Samkv. athugun, er fram hefir farið, hafa, frá árinu 1919, er hæstaréttarlögin bundu einhver mikilsverðustu atvinnuréttindi lögfræðinga við 1. einkunn, og til ársins 1926, útskrifast úr lagadeild alls 39 lögfræðingar, þar af 21 með 2. einkunn, eða rúmur helmingur. Þetta hlutfall mun vera nokkuð í samræmi við það, er áður tíðkaðist. Á tímabilinu frá 1927 til 1937 hafa útskrifast úr deildinni alls 70 kandidatar, en þar af aðeins 11 með 2. einkunn.

Nú er fyrir hendi bæði þessi tímabil sama hvöt fyrir nemendur deildarinnar til þess að keppa eftir 1. einkunn. — Af hverju stafar þá þessi mikli munur? — Er ekki auðsætt, að próffessorar lagadeildar hafa smátt og smátt, viljandi eða óviljandi, leiðzt

til þess að hækka einkunnagjafir í deildinni, vitandi um þau atvinnuspjöll, er nemendur þeirra verða fyrir, ef þeir ekki fá 1. einkunn. — En ef umrædd ákvæði hæstaréttarlaganna leiða til slíks, þá er um leið girt fyrir, að þau nái tilgangi sínum.

Um þá réttarbót, sem 2. einkunnar lögfræðingar fengu að nafninu til með hæstaréttarlögunum frá 1935, virðist óþarft að ræða. Skilyrði, sem þar eru sett fyrir því, að þeir geti öðlzt rétt til að starfa við hæstarétt, eru þannig úr garði gerð, að sú réttarbót mun í reyndinni ekki verða annað en pappírsgagn.

Að lokum skal bent á það, að frumvarp þetta er samhljóða úliti, sem samþykkt var á fundi Málflutningsmannafélags Íslands, er var haldinn 18. marz 1935, og síðan var sent Alþingi.“